

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Seltjarnarneskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 61/1988, sbr. samþykkt nr. 365/1991.

#### 1. gr.

Á eftir 6. mgr. 35. gr. samþykktarinnar kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmaður skulu setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu vera í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

#### 2. gr.

Við 54. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók nefndar númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Nefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Formaður nefndarinnar og a.m.k. einn fundarmaður skulu setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu vera í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók nefndarinnar til varanlegrar varðveislu.

#### 3. gr.

56. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir:

#### A. Til eins árs. Á fyrri fundi í júní ár hvert:

1. *Forseta bæjarstjórnar.*
2. *1. varaforseta bæjarstjórnar.*
3. *2. varaforseta bæjarstjórnar.*
4. *Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.*
5. *Skoðunarmenn bæjarreikninga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Kjörstjórn.* Þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn. Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrjá aðalmenn í hverja og jafnmarga varamenn.

Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna. fiær gegna jafnframt störfum kjörstjórna við forseta- og alþingis-kosningar.

#### B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Bláfjallanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara.
3. *Byggingarnefnd.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

4. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvarnanefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, öldrunarnefndar skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 og verkefni jafnréttisnefndar.
5. *Fjárhags- og launanefnd*. Þrír aðalfulltrúar og jafnmargir til vara. Fer með fjárhagsmál bæjarsjóðs, gerð fjárhagsáætlana og kjarasamninga.
6. *Búfjárefnirlitsmaður*. Bæjarstjóri.
7. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
8. *Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar*. Einn maður í stjórn auk forseta sem er sjálfkjörinn samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins. Stjórnar málum sjóðsins í samræmi við reglugerð.
9. *Heilbrigðisnefnd*. Kosning fulltrúa í nefndina fer skv. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
10. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Kosnir af bæjarstjórn. Fer með málefni er varða félagslegt húsnæði í samvinnu við félagsmálaráð.
11. *Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara. Sitja landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga með umboð Seltjarnameskaupstaðar.
12. *Menningarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni Lista- og menningarsjóðs, bókasafns og Náttúrugripasafns.
13. *Reykjanesfólkvangur*. Einn aðalmaður og annar til vara.
14. *Skipulags-, umferðar- og hafnarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með skipulagsmál og umferðarmál. Ennfremur gegnir nefndin hlutverki hafnarstjórnar skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994, sbr. lög nr. 7/1996.
15. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Skólanefnd fer með leikskólamál skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla, ennfremur málefni tónlistarskóla skv. lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
16. *Starfskjaranefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Leysir úr ágreiningi í kjaramálum er upp kemur milli samninga. Jafnmargir tilnefndir af Starfsmannafélagi Seltjarnarness.
17. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
18. *Stjórn endurmenntunarsjóðs*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Metur umsóknir um endurmenntun og veitir styrki úr sjóðnum. Jafnmargir tilnefndir af Starfsmannafélagi Seltjarnarness.
19. *Stjórn veitustofnana/ stjórn hitaveitu/ stjórn vatnsveitu*. (Sjá lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. reglugerð nr. 421/1992, og orkulög nr. 58/1967, sbr. reglugerðir settar á grundvelli þeirra.) Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
20. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umsagnaraðili um landnýtingarmál, tillöguaðili um umhverfismál, gegnir hlutverki fegrunarnefndar. Starfar eftir lögum um náttúruvernd nr. 93/1996 og lögum um landgræðslu nr. 17/1965 eftir því sem við á.
21. *Æskulýðs- og félagsheimili Seltjarnarness*. Sjö fulltrúar (bæjarfulltrúar) í stjórn eigeendafélags. Fer með stjórn reksturs Æskulýðs- og félagsheimilis Seltjarnarness.
22. *Æskulýðs- og íþróttaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni unglinga og íþróttamál. Starfar skv. erindisbréfi.

## 4. gr.

Á eftir 56. gr. samþykktarinnar kemur ný grein er orðast svo:

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## 5. gr.

5. mgr. 58. gr. samþykktarinnar (er verður 59. gr.) orðast svo:

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar hefur sett skv. 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. maí 1998.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Leynisbrautar á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 12. maí 1998 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Leynisbrautar á Akranesi eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt 1. og 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulag Leynisbrautar afmarkast af Innri-Akraneshreppi og Leyni annars vegar og Grundahverfi og Jörundarholti hins vegar.

Á ofangreindu svæði er gert ráð fyrir íbúðabyggingu og verður heimilt að reisa þar einbýlis-, tvíbýlis- og raðhús.

Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

*Bygginga- og skipulagsfulltrúinn á Akranesi, 12. maí 1998.*

**Skúli Lýðsson.**